

SKILMÁLAR ÍL-SJÓÐS Í TENGLUM VIÐ KAUP Á HFF150434 GEGN SÖLU Á RIKS 30 0701

Útboð 8. desember

1. Samkvæmt beiðni frá ÍL-sjóði hefur deild Lánamála ríkisins hjá Seðlabanka Íslands (hér eftir „umsjónaraðilinn“) ákveðið að taka að sér umsjón með skiptiútboði þar sem ÍL-sjóður kaupir skuldabréf útgefin af sjóðnum og greiðir fyrir með ríkisbréfum í eigu sjóðsins. ÍL-sjóður býðst þannig til að kaupa HFF150434 (XS0195066575) bréf gegn afhendingu á allt að 12.150.000.000 kr. að nafnvirði í RIKS 30 0701 (IS0000020576).
2. Aðalmiðlurum ríkisverðbréfa sem gert hafa þáttökusamning við ÍL-sjóð (hér eftir „þátttakendum“) er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin og senda tilboð til umsjónaraðilans í gegnum viðskipta- og útboðskerfi Bloomberg.
3. Útboðið verður haldið milli kl. 13:00 og 14:00 föstudaginn 8. desember 2023. Niðurstaða útboðs verður tilkynnt með opinberum hætti í lok útboðsdags. Uppgjörsgdagur er þriðjudagurinn 12. desember 2023.
4. Kauptilboð skulu send inn sem nafnverðsfjárhæð í flokkinn RIKS 30 0701. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast þátttakendum á sama fasta verðinu.
 - Hreint verð á HFF150434 er 100,00 (óhreint verð er 123,988367 með áföllnum vöxtum og verðbótum). Til skýringar jafngildir hreina verðið 3,78% ávöxtunarkröfu.
 - Hreint verð á RIKS 30 0701 er 102,400 (óhreint verð er 166,212636 með áföllnum vöxtum og verðbótum). Til skýringar jafngildir hreina verðið 2,84% ávöxtunarkröfu.

Til skýringar er skiptastuðull í útboðinu 1,3405502469.

Dæmi: Þátttakandi fær 1.000 m.kr. að nafnverði í RIKS 30 0701 fyrir 1.340.550.247 nafnverðseiningar í HFF150434.

5. Hreint verð á verðtryggða ríkisbréfaflokknum sem í ÍL-sjóður býðst til að selja í skiptum fyrir HFF-bréf miðast við síðustu viðskipti í kauphöllinni þann 5. desember 2023.
6. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlaupi á heilum milljónum króna. ÍL-sjóður áskilur sér þann rétt að samþykkja að hluta eða hafna öllum tilboðum.
7. Ef þátttaka verður umfram hámark samþykktra tilboða verður úthlutun til hvers og eins þátttakanda ákvörðuð hlutfallslega út frá þáttökufjárhæð og námunduð niður að heilli milljón.
8. Ef tilboð berst ekki til umsjónaraðilans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir umsjónaraðilinn sig allri ábyrgð. Umsjónaraðilinn hefur heimild til að fella niður útboðið í heild sinni vegna tæknilegra örðugleika. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við umsjónaraðilann í síma 569 9635. Tilboð sem berast til umsjónaraðilans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta fjárhæð tilboða, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist umsjónaraðilanum fyrir kl. 14:00 á útboðsdegi.

9. Skilmálar þessir gilda milli ÍL-sjóðs, umsjónaraðilans og þátttakandans í tengslum við útboðið. ÍL-sjóður og umsjónaraðilinn bera ekki ábyrgð á skuldbindingum þátttakenda gagnvart viðskiptamönnum sínum.
10. Ef misræmi er á útboðsskilmálunum á ensku og íslensku þá gilda þeir íslensku.